


Alþingi
Erindi nr. P 132/86
komudagur 18.11.2005



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
15. flokkur Reykjavíkur, Island

tel. (+354) 591 2000

fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2005

Tilvísun: UST20051100071/ge


Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. okt. 2005, þar sem óskað er eftir umsögun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, en bendir á eftirfarandi atriði. Samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald verður lagt úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti frá og með 1. janúar n.k. Mikilvægt er að skilgreining á umbúðum í lögnum sé ítarleg og skýr. Núverandi skilgreining, sbr 7. tl. 2. gr. laganna, byggir á tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaufgang. Í tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2004/12/EB, frá 11 febrúar 2004, um breytingu á tilskipun 94/62/EB, eru sett viðmið í skilgreiningu á umbúðum til að hún sé skýrari og birt eru dæmi. Umhverfisstofnun telur að þar sem verið er að breyta lögum um úrvinnslugjald, eigi að taka upp ítarlegri skilgreiningu á umbúðum einnig í ljósi þess að tilskipun 2004/12/EB er hluti af EES-samningnum samanber tl. 7, XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005, þann 12. mars 2005.

Virðingarfyllst


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður
stjórnsýslusviðs